



Léttar gönguferðir í þéttbýli og á láglandi

Sértæk gæðaviðmið nr. 201

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

201-1	Öryggi og ábyrgð	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
201-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
201-1.2	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann eftir aðstæðum í hverri ferð.			
201-1.3	Fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn/starfsmenn yfir gátlista ferðarinnar þar sem fram koma atriði varðandi m.a. ferðaáætlun og veðurspá.			
201-1.4	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
201-1.5	Tryggt er að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.			
201-1.6	Í upphafi ferðar eru viðskiptavinir fræddir um salernisúrræði.			
201-1.7	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
201-2	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
201-2.1	Leiðsögumenn hafa sérhæfða menntun, t.d. viðurkennt leiðsögunám og/eða reynslu á því sviði sem viðkomandi ferð snýst um.			

201-2.2	Leiðsögumenn hafa lokið skyndihjálparnámskeiði (4 klst.) frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á tveggja ára fresti. Gildir jafnt um starfsmenn og verktaka.			
201-2.3	Leiðsögumenn í ferðum utan þéttbýlis hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaaðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*